

Tillaga til ályktunar

– Starfshópur. Hlé á miðju keppnistímabili –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi tillögu:

Að stjórn Knattspyrnusambands Íslands verði falið að skipa starfshóp til að meta hvar best væri að innleiða hlé á miðju keppnistímabili í meistaraflokkum karla og kvenna.

Starfshópnum verði falið að:

1. Rannsaka áhrif keppnis tímabilsins á andlega og líkamlega heilsu leikmanna.
2. Meta hvernig hlé á miðju keppnistímabili getur stuðlað að betri heilsu og frammistöðu leikmanna.
3. Leita fyrirmynda hjá öðrum löndum, sérstaklega á Norðurlöndum, þar sem sumarhlé eru hluti af skipulagi.
4. Koma með tillögur um hvernig hlé gæti verið framkvæmt fyrir hverja deild, með sérstakri áherslu á samræmi við stórmót karla og kvenna.

Tengdir aðilar: Óskað er eftir að í starfshópnum verði skipað fulltrúum frá eftirfarandi aðilum:

- Leikmannasamtökunum.
- ÍTF
- Knattspyrnusambandi Íslands.
- A.m.k. einum fulltrúa frá karla knattspyrnu.
- A.m.k. einum fulltrúa frá kvennaknattspyrnu.
- Einum sérfræðingi í íþróttavísindum, með sérþekkingu á áhrifum hvíldar og endurheimtar á frammistöðu. Ef slíkur sérfræðingur er ekki tiltækur, verði valinn annar sérfræðingur með viðeigandi þekkingu á sviði heilsu, endurheimtar og frammistöðu.

Niðurstöður starfshópsins skulu liggja fyrir í formi skýrslu og tillaga sem kynnt verði á ársþingi KSÍ árið 2026.

Greinargerð

Tillagan byggir á þörf fyrir endurskoðun á skipulagi keppnistímabila á Íslandi, sem hafa lengst undanfarin ár. Á sama tíma hafa leikmenn í meistaraflokkum karla og kvenna lítið svigrúm til að endurhlaða sig andlega og líkamlega yfir sumartímam, þar sem þeir taka lítið sem ekkert frí, hvorki frí frá vinnu né knattspyrnu. Þetta á sérstaklega við þar sem margir leikmenn eru í annarri vinnu samhliða sínum knattspyrnuferli.

Fyrirmyndir að sumarhléum má finna hjá Norðurlandþjóðum eins og Svíþjóð, þar sem bæði Herrallsvenskan og Damallsvenskan taka hlé yfir sumarmánuði. Þessi hlé eru oft í samræmi við stórmót, þar sem þau falla að alþjóðlegum keppnistímasetningum.

Rannsókn á þessu málefni og tillögur um framkvæmd geta stuðlað að aukinni vellíðan og betri frammistöðu leikmanna, ásamt því að koma á betra jafnvægi í þeirra daglega lífi.

Starfshópurinn mun kalla eftir álitum frá leikmannasamtökum, félögum og öðrum hagsmunaaðilum, og skila af sér heildstæðri úttekt á málinu árið 2026.

Leikmannasamtök Íslands